

04.03.2026 (#8 2025-2026) kl. 09:00

Fundurinn fór fram í gegnum fjarfundarbúnað

Mætt voru stjórnarmennirnir **Valerie Maier, Sigríður Hallgrímsdóttir, Rósfríð Kristín Áslaugsdóttir, Hörður Sigurðarsson, Jón Axelsson** og **Ragnar Fjalar Sævarsson** sem jafnframt ritaði fundargerð. Þá sat **Geir Ómarsson** framkvæmdastjóri fundinn.

Fjarverandi: **Elíabet Einarsdóttir, Katrín Pálsdóttir.**

Valerie Maier stýrði fundinum.

Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Fjárhagstaða og Fjarhagsáætlun
3. Príbrautaping 28.3.2026 og kosningar í stjórn og nefndir
4. Upplýsingar um Íslandsmótið í ÓL, Ægir
5. Afrekstefna – staða
6. Upplýsingar um Pontevedra ferð
7. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Valerie leggur fram fundargerð síðusta fundar sem var send stjórnarfólki í tölvupósti fyrir fundinn og biður stjórnarfólk um að koma með athugasemdir eða staðfesta fundargerðina. Engin athugasemd.

Fundargerð samþykkt

2. Fjárhagstaða og Fjarhagsáætlun

Geir fór yfir fjárhagsstöðuna og ársreikninginn fyrir árið 2025. Tekjur vegna móta var töluvert hærri en árið á undan og skýrist af meiri þátttöku í keppnum. Afrekssjóður hækkaði umtalsvert en mögulega gæti þessi liður lækkað eitthvað. Útbeiðslustyrkurinn fer inn í Lottótekjur frá og með árinu 2026. Útgjöld drógust verulega saman á milli ára. Helsta ástæða þessa er kostnaður vegna Ólympíuleikana á árinu 2024 og keppnir og ferðakostnaður vegna þeirra. Afgangur upp á 2-4 milljónir árið 2025. Eignir samtals um 9 milljónir. Geir fóru líka yfir fyrstu drög að fjárhagsáætlun 2026.

3. Príbrautaping 28.3.2026 og kosningar í stjórn og nefndir

Valerie nefndi að það væri búið að senda út þingboð þann 28. mars 2026. Rætt var um hverjum ætti að bjóða og hvort boðið ætti að vera opið. Hugmynd um að þingboð verði sett á vef PRÍ.

Samþykkt

Elísabet og Hörður varða áfram í aðalstjórn. Rósfríð hefur áhuga á að færa sig í aðalstjórn og verður þá til 2028. Sigríður er tilbúin að sitja áfram í varastórn. Það vantar því tvo nýja stjórnarmenn í varastjórn.

4. Upplýsingar um Íslandsmótið í ÓL, Ægir

Geir fór yfir að Ægir ætlar að færa Íslandsmótið í Ólympískri þríþraut frá Laugavatni og halda keppnina við Skarfaklett í Reykjavík. Hugmyndin er að sækja um lokanir á Sæbrautinni fyrir hjólalegginn. Mögulega fæst styrkur frá Reykjavíkurborg fyrir kostnaði vegna götulokana. Dagsetning væri 5. júlí.

5. Afreksstefna – staða

Drög að afreksstefnu liggja fyrir og það þarf að samþykka afreksstefnuna á Þríþrautarþingi. Lagt til að Geir sendi dagskrá þingsins, kjörbréfin og uppfærða afreksstefnuna á alla sem eru boðaðir á þingið í síðasta lagi þann 14. mars. Jafnframt að senda afreksstefnuna á ÍSÍ fyrir þingið.

Samþykkt

6. Upplýsingar um Pontevedra ferð

Geir fór yfir áhuga á ferð á World triathlon í Pontevedra ferð í haust. 18 einstaklingar búnir að skrá sig en keppnin er haldin 24-25 september 2026. Geir ætlar að vera með upplýsingafund fyrir áhugasama í lok mars.

8. Önnur mál

Stjórn tók umræðu um félagsgjöld og að þau yrðu tekin upp en stillt í hóf. Rætt var um að taka upp 1.500 kr félagsgjald sem félögin myndu innheimta og greiða áfram til ÞRÍ. Misjafnt á milli félaganna hvort og hversu mikið félagsfólk borgar til „móðurfélaganna“. Breiðablik hefur til að mynda tekið upp 3.000 kr félagsgjald sem þríþrautaiðkendar þurfa að greiða. Lagt til að taka upp hóflegt félagsgjald.

Samþykkt

Valerie upplýsti að hún væri á leiðinni á Euro triathlon á annual meeting núna um helgina. Valerie vonar að það fáist meira fé til unglíngastarfs í framhaldinu.

9. Næsti fundur og þing 2026

Næsti fundur er settur þann 15. apríl 2026 kl 9:00

Þríþrautarþing þann 28. mars 2026

Samþykkt

Fundi slitið kl. 10:27

Fundargerð yfirfarin og samþykkt án athugasemda af öllum fundarmönnum.